

Elkem Ísland ehf.
Grundartanga
301 Akranes

Reykjavík, 10.6.2024
UST202301-141/S.M.
08.07.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna fráviks í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 23. júní 2023, þar sem fram kom að eitt frávik hefði verið skráð í eftirliti í Elkem þann 22. júní 2023. Þann 19. september 2023 barst úrbótaáætlun rekstraraðila. Uppfærð áætlun barst 29. apríl 2024.

Frávikid er eftirfarandi:

1. Gr. 1.3 í starfsleyfi, sbr. b-lið 1. mgr. 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. rg. 935/2018. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir. Fram kom í eftirliti að verksmiðja Elkem uppfyllir ekki að fullu þær kröfur sem fram koma í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm.

Rekstraraðili hefur sent Umhverfisstofnun yfirlit yfir aðgerðir sem settar hafa verið fram til þess að uppfylla kröfur í BAT niðurstöðum fyrir iðnað með járnlausan málm. Í yfirlitinu er að finna lýsingu á aðgerðum og áætluð verklok.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna fráviksins verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Frigg Thorlacius
lögfræðingur